



BARNAVERNDARSTOFA

Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrstu sex mánuði áranna 2011 og 2012

2012

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna fyrir fyrstu sex mánuði áráanna 2011 og 2012. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu fyrir fyrstu sex mánuði áráanna 2011 og 2012.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 9,3% fyrstu sex mánuðum ársins 2012 samanborið við fyrstu sex mánuði ársins 2011. Fjöldi tilkynninga var 4.053 fyrstu sex mánuði ársins 2012, en 4.468 fyrstu sex mánuði ársins 2011. Fleiri tilkynningar bárust um drengi, en stúlkur, en var hlutfall tilkynninga vegna drengja 53,2% fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2012. Kynjaskipting vegna tilkynninga í sískráningu liggur fyrir frá árinu 2012. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði um 12,5%, en fjöldi tilkynninga á landsbyggðinni var nánast sá sami. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar voru vegna áhættuhegðunar barna eða 40,4% tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2012, en 46,0% fyrstu sex mánuði ársins 2011. Alls voru 35,7% tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2012 vegna vanrækslu, en 30,2% fyrstu sex mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga um ofbeldi fyrstu sex mánuði ársins 2012 var 23,3%, en 22,8% fyrstu sex mánuði ársins 2011. Hlutfall tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2012 vegna þess að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var 0,6%, en 1% fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Á fyrstu þremur mánuðum ársins 2012 var hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu 8,0%. Fyrstu sex mánuði ársins 2011 var hlutfallið 7,6%. Í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga fyrstu sex mánuði ársins 2012 þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 5,6%, en 4,9% fyrstu sex mánuði ársins 2011. Flestar tilkynningar voru frá lögreglu, en hlutfall þeirra fyrstu sex mánuði ársins 2012 var 46,0 %, en 49,0% fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um fyrstu sex mánuði ársins 2012 var 3.451 barn, en sambærileg tala fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2011 var 3.685 börn. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Umsóknir til Barnaverndarstofu

Umsóknum um meðferðarheimili fækkaði fyrstu sex mánuði ársins 2012 miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 38 fyrstu sex mánuði ársins 2012 en 49 fyrstu sex mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 89,5% umsókna, en 10,5% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir drengi en stúlkur fyrstu sex mánuði ársins 2012. Hlutfall umsókna fyrir drengi var tæplega 58%. Meðalaldur barna sem sótt var um meðferð fyrir var 16,2 ár fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Alls bárust 31 umsókn um MST fyrstu sex mánuði ársins 2012, en 40 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2011. Fjölkorfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Meðalaldur barnanna var 15,5 ár fyrstu sex mánuði ársins 2012. Drengir voru í meirihluta þeirra barna sem sótt var um fyrir, en hlutfall umsókna fyrir drengi var 51,6% fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Umsóknum um fósturheimili fyrir börn fækkaði úr 74 í 57 á umræddu tímabili. Fækkun var á umsóknum bæði fyrir tímabundið fóstur og styrkt fóstur. Flestar umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2012 voru frá Reykjavík og nágrenni Reykjavíkur eða 72% umsókna, en 28,1% umsókna voru frá nefndum á landsbyggðinni. Fleiri umsóknir bárust fyrir stúlkur en drengi fyrstu sex mánuði ársins 2012 og var hlutfall umsókna fyrir stúlkur var 56,1%

Í Barnahúsi voru rannsóknarviðtöl samtals 121 fyrstu sex mánuði ársins 2012, en 94 fyrstu sex mánuði ársins 2011. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl, 75,2% fyrstu sex mánuði ársins 2012 og 71,1 % fyrstu sex mánuði ársins 2011.

Fyrstu sex mánuði ársins 2012 voru 101 vistun á neyðarvistun Stuðla, en þær voru 112 á sama tímabili árið á undan. Vistunardögum fækkaði fyrstu sex mánuði ársins 2012 miðað við sama tímabil árið á undan úr 787 dögum í 608 daga. Fjöldi einstaklinga fyrstu sex mánuði ársins 2012 var 54, en 64 á sama tímabili árið. Fleiri drengir en stúlkur komu í neyðarvistun og var hlutfall þeirra 66,7% fyrstu sex mánuði ársins 2012.

Umsóknum þeirra sem óska eftir að gerast fósturforeldrar fækkaði úr 36 umsóknum fyrstu 6 mánuði ársins 2012 í 33 umsóknir fyrstu sex mánuði ársins 2011. Flestar umsóknir voru frá Reykjavík og nágrenni.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

Tilkynningar til barnaverndarnefnda

Fjöldi tilkynninga

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	2.185	48,9	1.817	44,8
Seltjarnarnes	25	0,6	27	0,7
Kópavogur	420	9,4	360	8,9
Garðabær	58	1,3	67	1,7
Hafnarfjörður	428	9,6	458	11,3
Álftanes	31	0,7	44	1,1
Reykjanesbær	173	3,9	238	5,9
Grindavík	62	1,4	57	1,4
Sandgerði	104	2,3	99	2,4
Mosfellsbær	103	2,3	70	1,7
Akranes	63	1,4	65	1,6
Borgarfjarðar og Dala	25	0,6	32	0,8
Snæfellinga	6	0,1	11	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	63	1,4	86	2,1
Vesturbyggð og Tálknafjörður	7	0,2	8	0,2
Húnaþing vestra	16	0,4	23	0,6
A-Hún	28	0,6	18	0,4
Skagafjörður	20	0,4	13	0,3
Útey	51	1,1	37	0,9
Eyjafjörður	205	4,6	176	4,3
Þingeyingar	28	0,6	27	0,7
Fljótsdalshérað	36	0,8	33	0,8
Fjarðabyggð	44	1,0	28	0,7
Hornafjörður	28	0,6	25	0,6
Árborg	96	2,1	80	2,0
Árnesþing*	43	1,0	61	1,5
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	24	0,5	19	0,5
Vestmannaeyjar	96	2,1	74	1,8
Samtals	4.468	100,0	4.053	100,0

*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Árnesþings

Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum*

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	2.157	53,2
Stúlkur	1.875	46,3
Ekki vitað	21	0,5
Samtals	4.053	100,0

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði*	3.250	72,7	2.843	70,1
Landsbyggð	1.218	27,3	1.210	29,9
Samtals	4.468	100,0	4.053	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna sem tilkynnt var um*

Barnaverndarnefnd	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	1.707	46,3	1.488	43,1
Seltjarnarnes	22	0,6	27	0,8
Kópavogur	368	10,0	309	9,0
Garðabær	54	1,5	67	1,9
Hafnarfjörður	367	10,0	411	11,9
Álftanes	27	0,7	35	1,0
Reykjanesbær	162	4,4	212	6,1
Grindavík	50	1,4	31	0,9
Sandgerði	61	1,7	79	2,3
Mosfellsbær	88	2,4	63	1,8
Akranes	47	1,3	57	1,7
Borgarfjarðar og Dala	25	0,7	24	0,7
Snæfellinga	6	0,2	11	0,3
Norðanverðir Vestfirðir	58	1,6	74	2,1
Vesturbyggð og Tálknafjörður	7	0,2	8	0,2
Húnaþing vestra	15	0,4	22	0,6
A-Hún	23	0,6	11	0,3
Skagafjörður	15	0,4	12	0,3
Útey	51	1,4	37	1,1
Eyjafjörður	172	4,7	161	4,7
Þingeyingar	28	0,8	27	0,8
Fljótshálsa	33	0,9	31	0,9
Fjarðabyggð	43	1,2	26	0,8
Hornafjörður	28	0,8	21	0,6
Árborg	83	2,3	68	2,0
Arnesþing	41	1,1	53	1,5
Rang.valla- og V-Skaftafellss.	24	0,7	18	0,5
Vestmannaeyjar	80	2,2	68	2,0
Samtals	3.685	100,0	3.451	100,0

*Í ágúst 2011 sameinuðust barnaverndarnefnd uppsveita Árnessýslu, Ölfusshrepps og Hveragerðis í Velferðarnefnd Arnesþings

*Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

Fjöldi barna skipt eftir kynjum*

Kyn	Fyrstu 6 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	1.913	55,4
Stúlkur	1.531	44,4
Ekki vitað	7	0,2
Samtals	3.451	100,0

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Höfuðborgarsvæði	2.633	71,5	2.400	69,5
Landsbyggð	1.052	28,5	1.051	30,5
Samtals	3.685	100,0	3.451	100,0

* Höfuðborgarsvæðið tilheyrir öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun*

	Fyrstu 6 mánuði 2011		Fyrstu 6 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál)	2.369	64,3	2.376	68,8

Ástæður tilkynninga*

Ástæður tilkynninga	Fyrstu 6 mánuði 2011		Fyrstu 6 mánuði 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Vanræksla	1.350	30,2	1.448	35,7
<i>Drengir</i>			705	17,4
<i>Stúlkur</i>			743	18,3
Líkamleg vanræksla	82	1,8	84	2,1
<i>Drengir</i>			34	0,8
<i>Stúlkur</i>			50	1,2
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	1.142	25,6	1.230	30,3
<i>Drengir</i>			610	15,1
<i>Stúlkur</i>			620	15,3
*Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu	340	7,6	324	8,0
<i>Drengir</i>			173	4,3
<i>Stúlkur</i>			151	3,7
Vanræksla varðandi nám	73	1,6	71	1,8
<i>Drengir</i>			37	0,9
<i>Stúlkur</i>			34	0,8
Tilfinningaleg vanræksla	102	2,3	131	3,2
<i>Drengir</i>			56	1,4
<i>Stúlkur</i>			75	1,9
Ofbeldi	1.019	22,8	943	23,3
<i>Drengir</i>			406	10,0
<i>Stúlkur</i>			537	13,2
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	534	12,0	473	11,7
<i>Drengir</i>			207	5,1
<i>Stúlkur</i>			266	6,6
*þar af heimilisofbeldi	218	4,9	225	5,6
<i>Drengir</i>			101	2,5
<i>Stúlkur</i>			124	3,1
Líkamlegt ofbeldi	247	5,5	247	6,1
<i>Drengir</i>			137	3,4
<i>Stúlkur</i>			110	2,7
Kynferðislegt ofbeldi	239	5,3	221	5,5
<i>Drengir</i>			57	1,4
<i>Stúlkur</i>			164	4,0

Áhættu hegðun	2.054	46,0	1.639	40,4
<i>Drengir</i>			1.125	27,8
<i>Stúlkur</i>			514	12,7
Neysla barns á vímuefnum	394	8,8	270	6,7
<i>Drengir</i>			180	4,4
<i>Stúlkur</i>			90	2,2
Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	515	11,5	496	12,2
<i>Drengir</i>			280	6,9
<i>Stúlkur</i>			216	5,3
Afbrot barns	818	18,3	626	15,4
<i>Drengir</i>			483	11,9
<i>Stúlkur</i>			143	3,5
Barn beitir ofbeldi	245	5,5	155	3,8
<i>Drengir</i>			121	3,0
<i>Stúlkur</i>			34	0,8
Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	117	2,6	120	3,0
<i>Drengir</i>			74	1,8
<i>Stúlkur</i>			46	1,1
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	45	1,0	23	0,6
Tilkynningar alls	4.468	100,0	4.053	100,0
Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu	95		91	
<i>Drengir</i>			33	36,3
<i>Stúlkur</i>			58	63,7

*Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokka fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

*Kynjaskipting liggur fyrir frá árinu 2012

Tilkynnendur

Tilkynnendur	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Barnið sjálft	39	0,9	21	0,5
Ættingjar barns aðrir en foreldrar	230	5,1	196	4,8
Nágrannar	345	7,7	309	7,6
Önnur barnaverndarnefnd	77	1,7	94	2,3
Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu	101	2,3	105	2,6
Lögregla	2.191	49,0	1.865	46,0
Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr.	521	11,7	481	11,9
Leikskóli/gæsluforeldri	89	2,0	74	1,8
Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús	296	6,6	315	7,8
Foreldrar barns	362	8,1	353	8,7
Aðrir	217	4,9	240	5,9
Samtals	4.468	100,0	4.053	100,0

Umsóknir um meðferð

Tegund meðferðar

Tegund meðferðar	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Stuðlar	30	61,2	24	63,2
Langtímameðferð	19	38,8	14	36,8
Samtals	49	100,0	38	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík	24	49,0	19	50,0
Nágrenni Reykjavíkur*	11	22,4	15	39,5
Landsbyggð	14	28,6	4	10,5
Samtals	49	100,0	38	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um meðferð fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	34	69,4	22	57,9
Stúlkur	15	30,6	16	42,1
Samtals	49	100,0	38	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um meðferð fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Meðalaldur barna	15,9		16,2	

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um Fjölkerfameðferð (MST)

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Reykjavík	25	62,5	13	41,9
Nágrenni Reykjavíkur*	15	37,5	18	58,1
Samtals	40	100,0	31	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyrir öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um MST fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	25	62,5	16	51,6
Stúlkur	15	37,5	15	48,4
Samtals	40	100,0	30	100,0

Meðalaldur barna sem sótt var um MST fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 6 mán 2011	Fyrstu 6 mán 2012
Meðalaldur barna	15,3	15,5

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Umsóknir um fóstur

Tegund fósturs

Tegund fósturs	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Tímabundið	52	70,3	42
Varanlegt	4	5,4	5	8,8
Styrkt	18	24,3	10	17,5
Samtals	74	100,0	57	100,0

Umsóknir eftir landsvæði

Landsvæði	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Reykjavík	34	45,9	23
Nágrenni Reykjavíkur*	16	21,6	18	31,6
Landsbyggð	24	32,4	16	28,1
Samtals	74	100,0	57	100,0

*Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Kyn barna sem sótt er um fóstur fyrir

Kyn	Fyrstu 6 mán 2011		Fyrstu 6 mán 2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
	Drengir	48	64,9	25
Stúlkur	26	35,1	32	56,1
Samtals	74	100,0	57	100,0

Meðalaldur barna sem sótt er um fóstur fyrir

Meðalaldur barna	Fyrstu 6 mán 2011	Fyrstu 6 mán 2012
	Samtals	12,6

*Meðalaldur barna er reiknaður út frá fæðingarári, aldri barns við lok árs.

Þjónusta í Barnahúsi

Þjónusta í Barnahúsi

	Fyrstu 6 mánuði	
	2011	2012
	Fjöldi	Fjöldi
Rannsóknarviðtöl	94	121
a. Skýrslutökur	24	28
b. Könnunarviðtöl	70	93
Greiningar- og meðferðarviðtöl	64	53
Læknisskoðanir	16	3

Kyn barna í Barnahúsi*

Kyn	Fyrstu 6 mánuði		Fyrstu 6 mánuði	
	2011		2012	
	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Drengir	27	28,7	30	24,8
Stúlkur	67	71,1	91	75,2
Samtals	94	100,0	121	100,0

*kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

Neyðarvistun á Stuðlum

Neyðarvistun á Stuðlum

	Fyrstu 6 mánuði	
	2011	2012
	Fjöldi	Fjöldi
Fjöldi vistana	112	101
Vistunardagar	787	608
Fjöldi einstaklinga	64	54

Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

Kyn	Fyrstu 6 mánuði		Fyrstu 6 mánuði	
	2011		2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Drengir	43	67,2	36	66,7
Stúlkur	21	32,8	18	33,3
Samtals	64	100,0	54	100,0

Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

Hvaðan koma umsóknir?	Fyrstu 6 mán		Fyrstu 6 mán	
	2011		2012	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Reykjavík og nágrenni	21	58,3	21	63,6
Vesturland	4	11,1	1	3,0
Vestfirðir	1	2,8	0	0,0
Norðurland	2	5,6	6	18,2
Austurland	1	2,8	0	0,0
Suðurland	2	5,6	2	6,1
Reykjanes	4	11,1	3	9,1
Fólk búsett erlendis	1	2,8	0	0,0
Samtals	36	100,0	33	100,0

*Reykjavík og nágrenni Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Álftanes, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.